

Alþingi  
Erindi nr. P 130/712  
komudagur 7.1.2004

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)


Akureyri 5. janúar 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs, 35. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Fyrir skömmu hófst viðamikið samstarfsverkefni Sambands ísl. sveitarfélaga og Áfengis- og vímuvarnaráðs undir heitinu „Vertu til“ til að efla áfengis- og fíkniefnaforvarnir sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa verið hvött til aðildar að verkefninu og til að móta forvarnastefnu. Mikið kynningarstarf hefur farið fram á vegum verkefnisins, en með því er forvarnastarfi sveitarfélaga beint í einn farveg. Stjórn Eyþings tekur undir tilgang tillögunnar um mikilvægi þess að efla félagslegt forvarnastarf og telur mikilvægt að ríkið styðji það verkefni sem sveitarfélögin eru að beina kröftum sínum í. Þá telur stjórnin ánægjulegt ef hægt er að auka fjárframlög til forvarnastarfs eins og ráð er fyrir gert í tillögunni. Stjórn Eyþings tekur að öðru leiti ekki afstöðu til tillögunnar.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónasson  
framkv.stjóri